

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



12. apríl 2021

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 603. mál á 151. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um félög til almannaheilla*

Ofangreint frumvarp felur í sér þá tillögu að sett verði heildarlög um starfsemi almannaheillafélaga, sem er nýmæli í íslenskum rétti, en hingað til hefur slík starfsemi einkum byggst á óskráðum reglum félagaréttar. Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna er það til bóta að skrásetja þær reglur svo þær verði aðgengilegar og skýrar fyrir þátttakendur í starfsemi slíkra samtaka, en við slíka lagasetningu verður hins vegar að gæta meðalhófs þannig að ekki séu lagðar nýjar og mjög íþyngjandi kvaðir á slíka starfsemi. Þess vegna er sú athugasemd gerð við ákvæði um slit félags og viðurlög að þau skerða félagafrelsi og geta skapað hættu á misnotkun. Jafnframt telja samtökin ljóst að 2. gr. frumvarpsins um heimild til að binda styrki til samtaka því skilyrði að þau séu skráð í almannaheillafélagaskrá, geti komið illa niður á fámennum, nýstofnuðum eða veikburða samtökum, sem búa ekki yfir nauðsynlegri sérþekkingu eða fjármunum til kaupa á sérfræðiaðstoð, til að uppfylla skilyrði frumvarpsins.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er að hluta til komið til móts við athugasemdir samtakanna á fyrri stigum með nánari skýringum þó það hafi ekki áhrif á sjálfan lagatextann. Engu að síður verður ekki hjá því komist að ítreka athugasemdir samtakanna við ákvæði 3. málsl. 5. mgr. 19. gr. frumvarpsins um útilokun einstaklinga sem verða gjaldþrota frá því að sitja í stjórn samtaka til almannaheilla, sem er á engan hátt komið til móts við í frumvarpinu.

Hagsmunasamtök heimilanna telja eðlilegt að setja það skilyrði að ef bú einstaklings verði tekið til gjaldþrotaskipta skuli hann láta af fjárráðum eða yfirstjórn í félagi til almannaheilla, svo sem stöðu gjaldkera, formanns eða framkvæmdastjóra. Aftur á móti er vandséð að nein málefnaleg rök standi til þess að útiloka alla sem verða gjaldþrota alfarið frá því að taka þátt í stjórnarstörfum. Svo dæmi sé tekið gæti það torvelað starfsemi félaga í þágu einstaklinga í fjárhagserfiðleikum. Er því lagt til að umræddu skilyrði 3. málsl. 5. mgr. 19. gr. verði breytt svo það eigi ekki við um meðstjórnendur félaga til almannaheilla ef þeir fara ekki með fjárreiður eða yfirstjórn þeirra að öðru leyti.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is